ÖRN PÁLSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMBANDS SMÁBÁTAEIGENDA:



» 1. Hvaða breytingar er þarf að gera á núverandi kerfi?
Gera þarf samninga við aflahlutdeildarhafa þar sem þeir afsala sér öllum eignarrétti af auðlindinni eða tilkalli til hans. Samningurinn feli þeim nýtingu auðlindarinnar til ákveðins tíma 25 - 30 ár. Verðgildi samnings verði ígildi þess sem veiðiheimildir viðkomandi eru í dag.

Framsal veiðiheimilda verði án takmarkana að undanskildum veiðiheimildum krókaaflamarksbáta sem verði óheimilt að flytja þær til skipa á aflamarki.

Línuívilnun nái til allra dagróðrabáta en verði mismikil m.t.t. atvinnusköpunar í landi.

Veiðigjald verði sérstakur skattur á viðkomandi útgerð - þannig væru sanngirnissjónarmið í heiðri höfð og tækju mið af afkomu hvers og eins og mundi koma til móts við þá sem nýlega hafa haslað sér völl í útgerð og væntanlega útgerðaraðila. Það fyrirkomulag sem nú er er afar ósanngjarnt þar sem tekið er mið af afkomu allrar útgerðarinnar og gjaldið það sama fyrir alla án tillits til þess hver afkoma einstakra útgerða er. T.d. eru útgerðir uppsjávarskipa þokkalega í stakk búnar að taka við boðuðum hækkunum á veiðigjaldi meðan útgerðir skipa sem stunda bolfiskveiðar þola nánast engan kostnaðarauka. Núverandi fyrirkomulag tekur ekki tillit til þessa.

Á byggðakvóta verði sama fyrirkomulag og við línuívilnun. Hann nái til allra dagróðrabáta og virki sem ívilnun (ákv. prósenta) við löndun sem bætist þannig við kvóta viðkomandi. Afli til strandveiða verði viðbót við ákvörðun um heildarafla en dragist ekki frá eins og nú er gert. Með því yrði tekið tillit til þess að strandveiðar eru eingöngu stundaðar með handfærum sem á engan hátt geta ógnað nokkrum fiskistofni né skaðað lífríkið

» 2. Á að taka tillit til byggðarsjónarmiða og atvinnusjónarmiða í breyttum lögum?
Já - hiklaust